

Ed.

19. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Flutningsm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 10 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Sýslumaður ræður svartbaksskyttur, ef þurfa þykir, eftir tillögum hreppsnefndar.

5. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 50—500 krónum.

6. gr.

Skyldur er hver jarðarabúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarabúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum falla að tveim þriðju til uppljóstrarmanns og einum þriðja til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir síðasta þingi var svipað frv. um eyðingu svartbaks, en frv. það náði ekki afgreiðslu nema frá efri deild, dagaði uppi hjá allshn. Nd. Fylgdi þá frv. greinargerð, og þykir ekki nauðsyn að taka hana hér upp aftur, en bæta má því við, að hvaðanæfa hafa horizt fréttir um það, hversu svartbakurinn hefir verið aðsúgsmikill við æðarfuglinn, og hefir hann nú í haust víða sézt drepa fullorðinn fuglinn, og á Breiðafirði, a. m. k. sunnantil, er það talin undantekning, ef æðarungi sést. Virðist þar um tvennt að velja nú, annaðhvort að gera gangskör að því að eyða vargi þessum eða hætta við stundun æðarvarps, og er það þó hart, þar sem markaður fer nú batnandi fyrir dún og mundi haldast þótt framleiðsla væri aukin að mun, gagnstætt því, sem er um flestar aðrar framleiðsluvörur vorar.